



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Til allra sveitarfélaga og annarra aðila sem
Samband íslenskra sveitarfélaga hefur
samningsumboð fyrir

Reykjavík 5. október 2023

2310010SA ETV
Málalykill: 16.10

Efni: Skrá yfir störf sem verkfall nær ekki til 2024

Minnt er á að samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna og 2. gr. í lögum nr. 129/2020 um skrá yfir störf hjá sveitarfélögum sem heimild til verkfalls nær ekki til, skulu sveitarfélög, fyrir 1. febrúar ár hvert, að undangengnu samráði við viðkomandi stéttarfélög, birta skrár (lista) yfir þá starfsmenn sem ekki hafa verkfallsheimild.

Lög nr. 129/2020 voru sett til að tryggja að nauðsynlegasta heilbrigðis- og öryggisþjónusta við íbúa sveitarfélaga sé veitt og lífi og heilsu þeirra sé ekki ógnað vegna verkfalls. Lög nr. 129/2020 ná yfir öll störf hjá sveitarfélögum sem samið er um á grundvelli laga nr. 80/1938 sbr. 1. gr. laga nr. 129/2020.

19. gr. laga nr. 94/1986 með síðari breytingum hljóðar svo:

„Heimild til verkfalls skv. 14. gr. nær eigi til eftirtalinna starfsmanna:

... [1.-4. tölul. er sleppt þar sem efni þeirra snertir ekki sveitarfélögin]

- 5. Þeirra sem starfa við nauðsynlegustu öryggisgæslu og heilbrigðisþjónustu.*
- 6. Framkvæmdastjóra sveitarfélaga, borgar- og bæjarlögmannna, borgar- og bæjarritara, borgar- og bæjarverkfræðinga, skrifstofustjóra borgarstjórnar og starfsmanna launadeilda.*
- 7. Forstöðumanna stærri atvinnu- og þjónustustofnana sveitarfélaga og staðgengla þeirra.*
- 8. Annarra þeirra er gegna störfum sem öldungis verður jafnað til þeirra starfa sem getið er í 6. og 7. tölul.*

Fyrir 1. febrúar ár hvert skulu fjármálaráðherra og sveitarfélög, að undangengnu samráði við viðkomandi stéttarfélög, birta skrá um störf þau sem falla undir ákvæði 5.–8. tölul. fyrri málsgreinar þessarar greinar. Ný skrá tekur gildi 15. febrúar næst eftir birtingu. Sé ný skrá ekki birt samkvæmt framangreindu framlengist síðast gildandi skrá um eitt ár. Andmæli gegn


breytingum á skráum skulu borin fram fyrir 1. mars sama ár og skal ágreiningur um breytingar lagður fyrir Félagsdóm sem sker úr honum til fullnustu.

2. gr. laga nr. 129/2020 hljóðar svo:

„Fyrir 1. febrúar ár hvert skulu sveitarfélög birta í B-deild Stjórnartíðinda skrár yfir störf sem heimild til verkfalls samkvæmt lögum um stéttarfélög og vinnudeilur nær ekki til, sbr. 1. gr. Ný skrá tekur gildi 15. febrúar næst eftir birtingu. Sé ný skrá ekki birt samkvæmt framangreindu framlengist síðast gildandi skrá um eitt ár. Andmæli gegn breytingum á skráum skulu borin fram fyrir 1. mars sama ár og skal ágreiningur sem ekki leysist með samkomulagi lagður fyrir Félagsdóm sem sker úr honum til fullnustu.“

Sérstaklega mikilvægt er að sveitarfélög framfylgi þessari lagaskyldu þar sem kjarasamningar þeir sem Samband íslenskra sveitarfélaga gerir fyrir hönd sveitarfélaganna losna allir á árinu 2024. Nauðsynlegt er að skrá yfir störf sem verkfall nær ekki til sé uppfærð og unnin í samráði við viðkomandi stéttarfélög til að minnka líkur á deilum komi til verkfalla.

Virðingarfyllst
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Ellisif Tinna Víðisdóttir
lögfræðingur kjarasviðs